

Nautgriparæktin

Guðmundur P. Steindórsson

Skýrsluhaldið

Skýrslur nautgriparæktarinnar voru árið 2009 í fyrsta skipti alfarið skráðar og gerðar upp í nýja skýrsluhaldskerfinu Huppu. Árið áður var fyrstu mánuðina skráð í gamla kerfinu, en uppgjörið fór fram í því nýja. Áfram þokast þróun Huppu og ýmsar viðbætur komu á árinu. Mikið er þó enn óunnið og vitanlega verður kerfið allaf í endurskoðun.

Í upphafi síðasta árs var tekin upp gæðastýring í skýrsluhaldinu. Settar voru reglur um skil mjólkurskýrslanna og töku á sýnum úr einstökum kúm. Standist bændur þar kröfur sem gerðar eru varðandi þessi atriði, koma til peningagreiðslur, engar stórupphæðir en viðurkenning fyrir vel unnin verk. Eyfirskir og þingeyiskir kúabændur standa sig vel í gæðastýringunni, skiluðu langflestir mjólkurskýrslum á tilsettum tíma og taka nánast allir einstaklingssýni til efnamælinga.

Í árslok 2009 voru alls 159 kúabú í sýslunum tveimur og þar af voru 153 þátttakendur í skýrsluhaldinu, eða 96,2%. Hins vegar er 98,7% greiðslumarkans skráð á skýrslubúum. Á árinu 2009 hættu tvö bú á svæðinu mjólkurframleiðslu, bæði skýrslubú í Þingeyjarsýslu.

Tafla 4. Þátttaka og meðalafurðir 2009

Félag	Tala búa	Árskýr							
		Meðal		Skýrslu- færð mjólk kg	Innögð mjólk				Verð- efni kg
		bú- stærð	Fita		Prótein	Verð- efni			
Tala	%	kg	%	kg	kg				
Svarfdæla	16	652,0	40,8	5021	4,08	205	3,33	167	372
Árskógsstrandar	4	215,7	53,9	4771	4,03	192	3,29	157	349
Trölli	23	1093,0	47,5	5067	4,09	207	3,33	169	376
Eyjafjarðarsveitar	27	1447,4	53,6	5490	4,11	226	3,34	183	409
Saurbæjarhrepps	16	651,6	40,7	5241	4,18	219	3,33	175	394
Svalbarðsstrandar	7	485,8	69,4	5264	4,03	212	3,33	175	387
Grýtubakkahrepps	3	208,6	69,5	6277	4,19	263	3,33	209	472
BSE	96	4754,1	49,5	5273	4,10	216	3,33	176	392
Árið 2008	98	4665,1	47,6	5318	4,11	218	3,34	178	396
Hálshrepps	7	190,2	27,2	5504	4,14	228	3,35	184	412
Ljósavatnshrepps	16	551,7	34,5	5730	4,14	237	3,32	190	427
Bárðdæla	5	75,6	15,1	4969	4,08	202	3,35	166	369
Skútustaðahrepps	8	154,3	19,3	5299	4,09	217	3,31	175	392
Reykðæla	7	156,1	22,3	5487	4,15	228	3,35	184	411
Aðaldæla	10	336,7	33,7	5243	4,18	219	3,35	175	395
Ófeigur	4	136,3	34,1	5291	4,04	214	3,34	177	390
Tjörnesinga	2	45,5	22,8	5067	3,90	198	3,26	165	363
BSSP	59	1646,4	27,9	5451	4,13	225	3,33	182	406
Árið 2008	62	1628,1	23,2	5503	4,13	227	3,33	184	411
Norðausturland	155	6400,5	41,3	5319	4,11	219	3,33	177	396
Árið 2008	160	6293,2	39,3	5366	4,11	221	3,34	179	400

Í töflu 4 eru birtar niðurstöður úr einstökum félögum, búnaðarsambandsvæðunum báðum og á svæðinu í heild, ásamt tölum frá árinu 2008. Frá fyrra ári hefur félögum í Eyjafirði fækkað um eitt, þar sem búnaðarfélögin í fyrrum Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi hafa sameinast í Búnaðarfélag Eyjafjarðarsveitar. Er það þar með stærsta félagið á svæðinu.

Í uppgjöri skýrsluhalds nautgriparæktarinnar eru tölur um efnainnihald mjólkurinnar úr einstaklingssýnunum teknar beint frá Rannsóknastofu SAM, en ekki leiðréttar til samræmis við mælingar úr innlagðri mjólk frá viðkomandi bó. Breytileiki í efnamagninu í kýrsýnunum er mjög mikill og skýrist af sýnatökunni. Sérstaklega á þetta við um fitumagnið. Niðurstöðurnar í töflu 4 eru því birtar hér á sama hátt og gert var í Ársskýrslu 2008 og eru meðaltölur úr innlagðri mjólk.

Alltaf fækkar heldur þeim sem skrá kjarnfóður. Meðalkjarnfóðurgjöf á ársku á 66 búum í Eyjafirði var árið 2009 794 kg og hafði minnkað um 85 kg frá árinu áður. Í Þingeyjarsýslu var kjarnfóður skráð á 37 búum að meðaltali 753 kg á bú og hafði frá fyrra ári dregist saman um 168 kg.

Afurðahæstu búin á hvoru búnaðarsambandsvæði eru talin upp í töflu 5 og er þeim raðað eftir verðefnum á ársku. Á sama hátt og í töflu 4, eru notaðar efnamælingar úr innlagðri mjólk.

Tafla 5. Afurðahæstu bú 2009

Nafn	Fjöldi	Skýrslu- færð mjólk, kg	Árskýr				
			Fita		Innlögð mjólk		Verð- efni kg.
			%	kg	%	kg	
BSE							
1. Dreitill ehf. Steinsstöðum II	50,6	6.741	4,27	288	3,51	237	525
2. Helgi B. Steinsson Syðri-Bægisá	33,2	6.679	4,15	277	3,42	228	505
3. Kristín og Sæmundur Merkgili	42,2	6.631	4,26	282	3,36	223	505
4. Hörður og Sólvieg Svertingsstöðum II	53,7	6.730	4,06	273	3,34	225	498
5. Jósef G. Kristjánsson Möðruvöllum	46,3	6.253	4,51	282	3,43	214	496
6. Helguhóll ehf. Nesi	80,4	6.609	4,12	272	3,28	217	489
7. Félagsbúið Espihóli	55,4	6.238	4,37	273	3,41	213	486
8. Hörður og Helga Hvammi	77,1	6.422	4,14	266	3,36	216	482
9. Sigurgeir og Bylgja Hríshóli	55,3	6.337	4,30	272	3,22	204	477
10. Garðsbúið ehf. Garði	100,1	6.393	4,07	260	3,35	214	474
BSSP							
1. Atli Sigurðsson Ingjaldsstöðum	24,5	6.514	4,17	272	3,37	220	491
2. Stórutjarnir ehf. Stórutjörnum	46,2	6.584	4,16	274	3,26	215	489
3. Hriflubúið Hriflu	27,0	6.478	4,09	265	3,46	224	489
4. Marteinn og Kristín Kvíabóli	64,3	6.291	4,25	267	3,33	209	476
5. Félagsbúið Skútustöðum II	19,1	6.378	4,11	262	3,32	212	474
6. Kristján H. Sigtryggsson Hellulandi	27,9	6.053	4,37	265	3,41	206	471
7. Unnur og Flosi Hrafnstöðum	43,2	6.241	4,12	257	3,35	209	466
8. Félagsbúið Baldursheimi I	21,2	6.170	4,07	251	3,35	207	458
9. Sigurður Hálfðanarson Hjarðarbóli	36,4	5.884	4,28	252	3,39	199	451
10. Friðgeir Sigtryggsson Breiðumýri I	24,9	5.876	4,26	250	3,40	200	450

Í töflu 6 eru nythæstu kýrnar á hvoru búnaðarsambandsvæði og er þeim raðað eftir mjólkurmagni en ekki efnamagni vegna óleiðréttra niðurstaðna efnamælinga úr einstaklingssýnunum.

Tafla 6. Nythæstu kýr 2009

Nafn og bú	Fædd ár	Faðir nafn og nr.	Mjólk kg	Fita %	Prótein %
BSE					
1. Nikka 274 Stóra-Dunhaga	2002	Rauður 00917	10974	3,91	3,13
2. Þruma 185 Steinsstöðum II	2003	Ísbúri 00022	10586	4,42	3,80
3. Björg 9507 Garði	2003	Óþekktur	10550	3,51	3,14
4. Staka 338 Nesi	2000	Smellur 92028	10391	3,66	2,99
5. Branda 456 Garði	2004	Óþekktur	10197	4,40	3,50
6. Fljót 466 Garði	2004	Giljagaur 01032	10114	3,18	3,23
7. Skrauta 336 Syðri-Bægisá	2004	Sproti 95036	10072	4,76	3,45
8. Fiðla 314 Möðruvöllum Eyjaf.	2005	Skjöldur 03737	10041	5,08	3,22
9. 287 Höfða II	2005	Kaldbakur 01941	9989	4,33	3,37
10. Dúlla 546 Merkgili	2005	Hölluson 03101	9779	3,96	3,34
BSSP					
1. Sleggja 9592 Kvíabóli	2005	Skandall 03034	10861	3,32	3,26
2. Bleik 216 Kvíabóli	2005	Draumur 03015	10580	3,63	3,26
3. Frilla 450 Kvíabóli	2001	Þrasi 98052	10542	4,21	3,63
4. Lind 199 Hriflu	2001	Skuggi 92025	9968	3,65	3,16
5. Góða 517 Kvíabóli	2003	Völlur 01007	9535	3,67	3,06
6. Blesa 103 Skútustöðum II	2003	Lói 01008	9248	4,27	3,26
7. Fella 147 Baldursheimi I	2004	Alfons 02008	9103	4,23	3,48
8. Alviðra 386 Búvöllum	2003	Faldur 01017	9060	3,50	3,00
9. Kaðlín 182 Stóru-Tjörnum	2001	Kaðall 94017	9041	4,05	3,27
10. Skræpa 282 Dæli	1999	Þingeyingur 96941	8950	3,16	3,21

Þar sem útreikningar kynbótamats hafa ekki enn farið fram eftir að niðurstöður skýrsluhaldsins fyrir árið 2009 lágu fyrir, verður ekki birtur hér, eins og venja hefur verið, listi yfir kýr með hæstu kynbótaeinkunnir

Á árinu 2009 voru teknir 11 nautkálfar úr Eyjafirði og 2 úr Suður-Þingeyjarsýslu inn á Nautaupeldisstöðina. Allir fóru þeir beint inn í nýju stöðina á Hesti í Borgarbyggð, sem tekin var í notkun í byrjun árs. Má sjá í töflu 7 nánari upplýsingar um kálfana og eru þeir taldir upp eftir aldri, þeir elstu fæddir í janúar og þeir yngstu í desember. Spegill frá Baldursheimi I var felldur undir lok ársins.

Tafla 7. Nautkálfar í Nautaupeldisstöðina á Hesti fæddir 2009

Nr.	Nafn	Faðir	Móðir	Móðurfaðir	Einkunnir móður		
					Afurðir	Heild	Dómur
09007	Steypir	Skurður 02012	Steypa 223 Syðri-Bægisá	Þráður 86013	126	114	85
09008	Rótari	Skurður 02012	Rót 347 Syðri-Bægisá	Stígur 97010	123	114	86
09020	Tínus	Skurður 02012	Híhí 357 Brakanda	Hófur 96027	122	109	83
09039	Jarl	Kappi 01031	Lukka 107 Öxará	Kaðall 94017	120	113	85
90043	Marri	Spotti 01028	Skeifa 486 Hallandi	Punktur 94032	126	113	84
09047	Gæi	Lykill 02003	Þæja 265 Svertingsst. II	Stígur 97010	120	114	83
09050	Spegill	Skurður 02012	Njóla 129 Baldursheimi I	Völsungur 94006	115	112	86
09051	Rósant	Spotti 01028	Rósa 297 Syðri-Bægisá	Þrasi 98052	116	109	88
09057	Stimpill	Lykill 02003	Stássa 304 Syðri-Bægisá	Frískur 94026	136	118	87
09068	Þræll	Þrasi 98052	Gjöf 266 Svertingsst. II	Sendill 02013	116	111	87
09069	Þulur	Glæðir 02001	Þula 324 Svertingsst. II	Þollur 99008	115	111	84
09080	Strengur	Flói 02029	Grein 595 Hríshóli	Ingjaldur 04011	115	109	89
09081	Dráttur	Flói 02029	Svipa 312 Torfum	Stígur 97010	116	110	85

Nautgripasæðingar

Í töflu 8 eru birtar tölur úr sæðingunum 2009 ásamt samanburði við árið á undan. Þar er einungis getið um fjöldatölur í einstökum mánuðum. Þar sem útreikningur á árangri sæðinganna, eftir að skráning þeirra og uppgjör var flutt í Huppu er á reiki, verða árangurstölur ekki birtar hér.

Tafla 8. Fjöldi sæðinga eftir mánuðum 2009

Mánuður	Eyjafjörður				Suður-Þingeyjarsýsla			
	Fjöldi sæðinga	Fyrsta sæðing			Fjöldi sæðinga	Fyrsta sæðing		
		Fjöldi	Hlutfall	Breyting frá f. ári		Fjöldi	Hlutfall	Breyting frá f. ári
Janúar	783	426	9,5	-4	271	147	9,5	-24
Febrúar	693	373	8,3	2	257	139	9,0	-26
Mars	802	414	9,3	28	285	128	8,3	-24
Apríl	708	405	9,1	-41	290	151	9,8	-36
Mái	718	404	9,0	41	269	142	9,2	2
Júní	676	380	8,5	-59	292	130	8,4	43
Júlí	724	440	9,8	29	313	177	11,5	3
Ágúst	625	326	7,3	5	254	120	7,8	15
September	485	254	5,7	1	184	69	4,5	-5
Október	521	297	6,6	-14	149	73	4,7	-24
Nóvember	528	317	7,1	-95	224	143	9,3	30
Desember	585	354	7,9	-71	242	121	7,9	-30
Alls	7848	4390	98,1	-178	3030	1540	100,0	-76
Árið 2008	7836	4568	100,0	118	3189	1616	100,0	-38

Alls voru 10878 kýr á svæðinu teknar til meðferðar á árinu 2009, þar af 5930 1. sæðingar. Um er að ræða fækkun frá árinu á undan á sæðingum alls um 147, en 254 á 1. sæðingum. Aðallega stafar þetta af fækkun kúa og kvígna. Hlutfall sæðinga alls og 1. sæðinga er 1,78 í Eyjafirði, en 1,96 í Þingeyjarsýslu.

Hlutfallsleg skipting 1. sæðinga milli reyndra nauta, ungnauta og holdanauta var sem hér segir:

	BSE	BSSÞ	Svæðið
Reynd naut	44,8	48,1	45,7
Ungnaut	53,6	50,9	52,9
Holdanaut	1,6	1,0	1,4

Kúadómar

Í fyrstu skal hér gerð grein fyrir verðlaunaveitingum fyrir kýr úr árganginum 2004, en þær drógust fram yfir þann tíma sem Ársskýrsla 2008 kom út. Það var vegna þess hversu seint kynbótaeinkunnir kúnna lágu fyrir úr nýja skýrsluhaldskerfinu.

Í töflu 12 í fyrrnefndri Ársskýrslu voru taldar upp allar kýr af 2004 árgangi á svæðinu, sem hlutu 88 stig eða hærra í dómseinkunn. Eigendur þeirra fengu afhentar stækkaðar myndir af viðkomandi kúm í viðurkenningarskyni.

Þá voru einnig afhent verðlaun fyrir kýr með hæsta heildareinkunn sem fundin er þannig: Dómseinkunn x 2 + afurðamat + eigið frávik fyrir afurðir. Í töflu 9 eru taldar upp hæstu kýrnar úr árgangi 2004 á hvoru búnaðarsambandsvæði.

Tafla 9. Kýr af 2004 árgangi með hæsta heildareinkunn

Nafn, nr og bú	Faðir	Dóms- einkunn	Afurðamat		Stig samtals
			E.af.	Ætt	
BSE					
Fold 583 Ytri-Tjörnum	Faldur 01017	89	4	122	304
Sunna 338 Syðri-Bægisá	Stígur 97010	84	7	128	303
Milla 217 Skáldstöðum	Soldán 95010	88	4	121	301
Gríma 207 Steinsstöðum II	Hófur 96027	87	4	123	301
Gyðja 340 Hóli Upsaströnd	Soldán 95010	86	4	125	301
Birta 264 Kristnesi	Fróði 96028	87	6	119	299
Kleppa 581 Hofsa	Fróði 96028	88	3	117	296
Ösp 396 Þrífyrningi	Faldur 01017	87	1	121	296
Langbest 1064 Hrafnagili	Stígur 97010	87	0	122	296
260 Höfða II	Kaldbakur 01941	81	7	127	296
Bryðja 418 Möðruvöllum II	Faldur 01017	84	7	120	295
Soffía 352 Brakanda	Neisti 01018	81	0	123	295
Skörp 401 Þrífyrningi	Hvítingur 96032	88	3	116	295
Bót 862 Dagverðareyri	Hvítingur 96032	87	2	119	295
Bylun 1067 Hrafnagili	Bylur 97002	87	5	116	295
Rás 562 Klauf	Stígur 97010	84	4	123	295
BSSÞ					
Mósa 129 Breiðumýri	Hvítingur 96032	85	6	125	301
Blesa 414 Búvöllum	Lykill 02003	85	5	126	301
Eivör 101 Laxamýri	Glæðir 02001	86	5	120	297
Fella 147 Baldursheimi I	Alfons 02008	86	5	120	297
Lukka 167 Ingjaldsstöðum	Fróði 96028	86	5	118	295
Sletta 200 Kviabóli	Prakkari 96007	87	4	116	294
Fura 228 Hriflu	Sproti 95036	87	3	116	293
Stjarna 232 Hriflu	Lykill 02003	85	-1	123	292
Rauðhetta 135 Úlfsbæ	Lykill 02003	83	-1	127	292
359 Brún	Vinur 01009	84	3	119	290

Búnaðarsamböndin veittu verðlaunastyttur fyrir þrjár efstu kýrnar á hvoru svæði.

Hér á eftir verður greint frá dómum kúa fæddra árið 2005. Yfirlit um dómana má sjá í töflu 10. Þar sést að hópurinn samanstóð af alls 1685 gripum, 1276 í Eyjafirði og 409 í Suður-Þing. Er þetta stærsti árgangur sem dæmdur hefur verið.

Kúafjöldi á bæ var allt frá 1 kú upp í 42, flestar á Hrafnagili, 31 á Svalbarði, 26 á Bakka í Öxnadal og 24 á hverjum, Hvammi í Eyjafjarðarsveit, Garðsvík, Gautsstöðum og Höfða II. Yfir allt svæðið var meðalkúafjöldi á bæ 10,9 kýr sem er 0,4 kúm fleira en var í 2004 árganginum. Skipting hópsins eftir feðrum var þannig að 683 kýr eða 40,5% voru undan ungnautum, 708 eða 42,0% undan reyndum og 294 dætur eða 17,5% áttu heimanaut sem feður. Þetta er heldur lægra hlutfall hjá óreyndu nautunum en var í næsta árgangi á undan, sem kemur sem hækkun hjá reyndum nautum. Heimanautin eru nánast eins. Meðaldómseinkunn ungnauta reyndist vera 83,0 stig, reyndra 83,3 stig og hjá heimanautunum 82,8 stig. Langstærsti hópurinn í þessum árgangi var undan Stíg 97010, taldi 154 dætur. Þær hlutu að meðaltali 83,5 stig í dómseinkunn og voru yfir eða í meðallagi fyrir alla eiginleika nema skap. Næststærsti hópurinn var undan Teini 97001 88 dætur og síðan kom Þverteinn 97032 með 71 dóttur.

Tafla 10. Dómar kúa af 2005 árgangi

Félag	Fjöldi búa	Fjöldi kúa	Kýr á bú	Einkunn fyrir					Dóms- einkunn
				Skrokk	Júgur	Spena	Mjaltir	Skap	
Svarfdæla	16	176	11,0	27,9	17,0	16,5	17,4	4,7	83,5
Árskógsstrandar	4	50	12,5	28,2	16,7	16,3	17,8	4,7	83,7
Tröllli	23	299	13,0	28,1	16,9	16,3	17,6	4,7	83,6
Eyjafjarðarsveitar	28	372	13,3	28,1	16,3	16,1	17,5	4,7	82,7
Saurbæjarhrepps	16	181	11,3	27,9	16,6	16,4	17,4	4,5	82,9
Svalbarðsstrandar	7	135	19,3	27,7	16,5	16,2	17,4	4,7	82,5
Grýtubakkahrepps	3	63	21,0	28,4	16,7	16,5	17,3	4,8	83,7
BSE	97	1276	13,2	27,9	16,7	16,3	17,5	4,7	83,1
Hálshrepps	7	52	7,4	27,6	16,6	16,1	17,2	4,8	82,3
Ljósavatnshrepps	17	130	7,6	28,0	16,9	16,4	17,2	4,7	83,2
Bárðdæla	4	13	3,3	27,6	16,7	16,6	17,3	4,7	82,9
Skútustaðahrepps	6	41	6,8	28,1	17,1	16,1	17,2	4,6	83,1
Reykðæla	8	32	4,0	28,0	16,9	16,7	17,5	4,8	83,9
Aðaldæla	10	92	9,2	28,1	16,3	16,2	17,1	4,6	82,3
Ófeigur	4	36	9,0	27,6	16,7	16,6	17,5	4,8	83,2
Tjörnesinga	2	13	6,5	27,4	17,0	16,6	17,5	4,8	83,3
BSSÞ	58	409	7,1	27,9	16,7	16,4	17,2	4,7	82,9
Árgangur 2005	155	1685	10,9	27,9	16,7	16,3	17,4	4,7	83,0
Árgangur 2004	158	1653	10,5	27,9	16,8	16,3	17,7	4,7	83,4
Árgangur 2003	161	1603	10,0	28,1	16,7	16,3	17,6	4,7	83,3
Árgangur 2002	168	1539	9,2	27,9	16,6	16,2	17,6	4,7	83,0
Árgangur 2001	171	1425	8,3	27,8	16,6	16,2	17,6	4,7	82,9
Árgangur 2000	175	1372	7,8	27,8	16,5	16,2	17,6	4,7	82,8

Samsetning lita er sýnd í töflu 11. Tæplega 48% kúnna voru einlitar, í hinum hlutanum var einhver hvítur litur, allt frá því að vera með eina stjörnu í enni, í það að vera alhvít, en ein slík fannst í þessum hópi. Kollóttar voru 97,2% og aðeins 1,2% hyrndar sem er svipað hlutfall og verið hefur.

Tafla 11. Litur og einkenni

	Eyjafjörður				Suður-Þingeyjarsýsla			
	Einlitar	Tvílitar	Samtals	Hlutfall	Einlitar	Tvílitar	Samtals	Hlutfall
Rauðar og rauðskjöldóttar	244	323	567	44,4	77	95	172	42,1
Bröndóttar - brandskjöldóttar	191	174	365	28,6	67	64	131	32,0
Kolóttar og kolskjöldóttar	101	94	195	15,3	37	29	66	16,1
Svartar og svartskjöldóttar	49	66	115	9,0	16	16	32	7,8
Gráar og gráskjöldóttar	10	6	16	1,3	3	1	4	1,0
Sægráar og sægráskjöldóttar	8	9	17	1,3	3	1	4	1,0
Hvítar	1		1	0,1				
Alls	604	672	1276	100,0	203	206	409	100,0
Kollóttar			1239	97,1			399	97,6
Hnýflóttar			20	1,6			6	1,5
Hyndar			17	1,3			4	1,0

Eins og fram kemur í töflu 10 var meðaldómseinkunn allra kúnna 83,0 stig. Hún dreifðist frá 72 stigum upp í 89. Í töflu 12 eru taldar upp þær kýr sem hlutu 88 stig eða herra í dóm, 35 í Eyjafirði og 9 í Þingeyjarsýslu

Tafla 12. Kýr með hæstu dómseinkunn

Nafn, nr og bú		Einkunnir					Dóms- einkunn
		Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	
BSE							
Bjalla 228 Steinsstöðum II	Þúsason 03481	30	17	18	19	5	89
Bleik 475 Dæli	Stígur 97010	30	18	18	18	5	89
Menúa 637 Hofsa	Úi 96016	29	18	18	19	5	89
Silla 1099 Hrafnagili	Hjaltalín 02018	30	18	17	19	5	89
Súla 300 Svalbarði	Trefill 96006	30	17	18	19	5	89
Áma 304 Hofi, Svarf.	Síríus 02032	29	18	17	19	5	88
Bangsa 249 Fellshlíð	Hvítingur 96032	29	18	17	19	5	88
Blíða 232 Skáldstöðum	Nói 02033	30	17	17	19	5	88
Brussa 367 Tréstöðum	Bani 03003	30	18	17	18	5	88
Drumba 232 Steinsstöðum II	Birkir 03005	33	18	14	18	5	88
Fossa 362 Hóli Upsastr.	Síríus 02032	30	18	17	18	5	88
Fýla 564 Merkgigli	Hölluson 03101	30	17	18	18	5	88
Gryla 484 Hlöðum	Stígur 97010	29	18	17	19	5	88
Gunna 463 Gröf	Þverteinn 97032	30	17	17	19	5	88
Íra 309 Svertingsstöðum II	Þverteinn 97032	31	16	18	18	5	88
Kápa 287 Kristnesi	Þverteinn 97032	31	16	17	19	5	88
Léttstíg 1124 Hrafnagili	Stígur 97010	28	18	18	19	5	88
Lind 330 Engihlíð	Valur 03480	30	18	16	19	5	88
Lóló 1183 Svalbarði	Þverteinn 97032	32	16	18	18	4	88
Lukka 314 Svalbarði	Hvinur 03032	30	17	18	18	5	88
Lygna 616 Ytri-Tjörnum	Túni 95024	30	18	17	18	5	88
Malin 221 Steinsstöðum II	Teinn 97001	30	18	18	17	5	88
Pam 562 Hvammi Arn.	Hófur 96027	28	18	18	19	5	88
Rauð 587 Breiðabóli	Þrymur 02042	30	17	18	18	5	88
Rós 665 Ytra-Felli	Birkir 03005	30	18	17	18	5	88
Rót 307 Tréstöðum	Dropi 03914	29	18	18	18	5	88
Síka 443 Þríhyrningi	Frissi 03731	30	18	17	18	5	88
Skrauta 466 Möðruvöllum II	Skjanni 02030	30	17	17	19	5	88
Skúta 451 Gröf	Ófeigur 02016	31	16	17	19	5	88
Smáralind 303 Hofi, Svarf.	Arfur 03011	30	17	17	19	5	88
Sokka 444 Garðsa	Þverteinn 97032	30	17	17	19	5	88
Tröð 358 Akri	Stígur 97010	29	18	18	18	5	88
Væla 905 Dagverðareyri	Trukkur 03012	29	18	18	18	5	88
295 Höfða II	Fróði 96028	30	17	18	18	5	88
338 Höfða II	Skarpur 03041	30	18	17	18	5	88
BSSÞ							
Gata 440 Búvöllum	Stígur 97010	31	17	17	19	5	89
Lús 235 Vallakoti	Sproti 95036	30	17	18	18	5	88
Perla 123 Öxará	Skjanni 02030	29	18	17	19	5	88
Skjalda 181 Hraunkoti	Skjanni 02030	30	18	18	17	5	88
Skjanna 362 Hjarðarbóli	Skjanni 02030	30	18	17	18	5	88
Spurning 261 Stórutjörnum	Trefill 96006	29	17	18	19	5	88
Spöng 310 Hrafnstöðum	Draumur 03015	30	18	17	18	5	88
160 Brún	Teinn 97001	30	18	17	18	5	88
382 Brún	Bylur 97002	29	18	18	18	5	88

Eins og fram kom í skrifum um skýrsluhaldið liggur ekki enn fyrir kynbótamat kúnna, þannig að hægt sé að reikna út heildareinkunn fyrir kýr fæddar árið 2005 eins og sagt er frá með 2004 árganginn í töflu 9 hér á undan.